

Ölfus 9. ágúst 2020

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um heimakennslu á grunnskólastigi.

Vísað er til tilkynningar í Samráðsgátt dags. 29. júní þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að reglugerð um heimakennslu á grunnskólastigi.

Undirrituð er mikill áhugamaður um menntamál og heimakennslu og fagnar endurskoðun fyrri reglugerðar. Ég var þess heiðurs aðnjótandi að fá að vera í heimakennslu á Íslandi. Foreldrum mínum var veitt heimild til heimakennslu í tilraunaskyni árið 2003. Ég tel kosti heimakennslu mjög marga og óska þess að hún verði raunverulegur valkostur fyrir íslenskar fjölskyldur.

Athugasemdir

Skólaskylda

Á Íslandi er skólaskylda. Í mörgum þróuðum löndum heims er fræðsluskylda í stað skólaskyldu. Ég hvet yfirvöld til þess að kanna möguleikann á því að taka upp fræðsluskyldu í stað skólaskyldu. Samfélag okkar hefur breyst mikið og töluvert rými er til þess að auka fjölbreytileika í námi, bæði hvað varðar námsframboð og tilhögun náms. Undir fræðsluskyldu væri heimakennsla ein af fjölmörgum leiðum til fræðslu og væri því ekki nauðsynlegt að veita undanþágu frá skólaskyldu.

Mismunun á grundvelli menntunar

Í 6. gr. er opnað fyrir þann möguleika að foreldrar sem ekki eru með kennsluréttindi fái undanþágu. Ég fagna því að hér sé tekið skref í átt að meira jafnræði. Stenst reglugerðin frá árinu 2009 jafnræðisreglu stjórnarskrár? Er leyfilegt að mismuna einstaklingum á grundvelli menntunar? Ef undanþága til heimakennslu er ekki veitt, gæti barni verið hafnað einstaklingsmiðuðu námi á grundvelli menntunar foreldra sinna. Ég skil reglugerðina að vissu leyti en hér virðast málin hugsuð út frá því sjónarmiði að heimakennsla sé grunnskólinn færður heim. Í heimakennslu er foreldri ekki að sinna sambærilegu starfi og grunnskólakennari. Kennara í grunnskóla og foreldri sem fræðir eigið barn er að mínu mati ekki hægt að bera saman. Ég hvet nefndina til að ganga lengra og leyfa öllum foreldrum að sækja um leyfi til heimakennslu, óháð menntun.

Uppeldisskyldur

Samkvæmt íslenskum lögum bera foreldrar ábyrgð á uppeldi barna sinna.

Samkvæmt 18. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna bera foreldrar ábyrgð á uppeldi barna sinna. Í barnalögum (2003 nr. 76 27. mars) stendur að foreldrum beri að gegna forsjár- og uppdisskyldum sínum svo sem best hentar hag barns og þörfum. Einnig stendur að foreldrum

beri að afla barni sínu lögmæltrar fræðslu og að foreldrum beri að stuðla eftir mætti að því að barn þeirra fái menntun og starfsþjálfun í samræmi við hæfileika þess og áhugamál.

Í heimakennslu geta foreldrar boðið börnum sínum upp á mjög einstaklingsmiðað nám og sinnt ofangreindum skyldum sínum. Þegar barn sækir grunnskóla getur komið upp sú staða að tækifæri foreldra til að sinna uppeldisþættinum sé stórlega skert. Erfitt er að aðgreina uppeldi og fræðslu í skólastarfi.

Námslegt og félagslegt mat

5gr. „Ef nemandinn hefur ekki áður verið í grunnskóla hér á landi eða er að byrja í grunnskóla skal sveitarstjórn í samráði við skólastjóra þjónustuskóla láta fara fram mat á námslegri og félagslegri stöðu nemanda áður en heimakennsla er heimiluð.“

Þarf að gera mat á námslegri og félagslegri stöðu barna áður en þau hefja nám í hefðbundnum grunnskóla? Ef ekki, af hverju er það þá skilyrði fyrir heimakennslu? Dæmi eru um það að börn sem eiga erfitt með nám gangi vel þegar þau fá óskipta athygli foreldris og sérsniðið nám að þeirra þörfum.

Ég fagna því að með nýrri reglugerð séu tekin skref í rétta átt. Skref í átt að auknu frelsi í menntamálum, auknu jafnræði foreldra, auknum námstækifærum fyrir börn og fjölbreytni í samfélaginu. Ég hvet Mennta- og menningarmálaráðuneytið til þess að halda áfram á þessari vegferð í átt að auknu frelsi.

Elísa Elíasdóttir